

Hluthafastefna

Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins

Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) er langtímafjárfestir sem leitast við að ná góðri ávöxtun á fjárfestingar sínar en jafnframt að vera ábyrgur hluthafi og stuðla að framþróun starfshátta á hlutabréfamarkaði. Hluthafastefna þessi varðar aðkomu LSR að fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir beint í. Stefnan á bæði við um íslensk og erlend fyrirtæki sem eru skráð á hlutabréfamarkaði sem og fyrirtæki sem eru ekki skráð á hlutabréfamarkaði, eftir því sem við á.

LSR gerir kröfu til ávöxtunar af öllum fjárfestingum sínum. LSR gerir jafnframt kröfu til þess að fyrirtæki, sem sjóðurinn fjárfestir í, sýni ábyrgð gagnvart samfélagslegum gildum, umhverfinu og að starfað sé í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja. Við mat á starfsháttum fyrirtækja horfir sjóðurinn m.a. til aðstæðna á markaði, laga og almennt viðurkenndra reglna og gilda.

Hér fyrir neðan er fjallað um helstu atriði sem LSR lítur til sem virkur fjárfestir á íslenskum markaði. Við mat á virkni LSR sem fjárfestis er m.a. litið til eignarhlutdeildar, fjárhæða og samkeppnisumhverfis.

Val á stjórnarmönnum og kröfur til þeirra

LSR metur í hverju tilviki fyrir sig hvort sjóðurinn gerir tillögu um stjórnarmann fyrir hluthafafund þar sem kosning stjórnar fer fram. Stjórn LSR getur ákveðið að skipa valnefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögu um einstaklinga sem taldir eru uppfylla þær kröfur sem sjóðurinn gerir til stjórnarmanna. Stjórn LSR tekur ákvörðun um hvaða einstakling/a sjóðurinn gerir tillögu um sem stjórnarmann hjá viðkomandi fyrirtæki. LSR hefur ekki bein afskipti af stjórnarstörfum viðkomandi einstaklings eftir að hann hefur verið kosinn í stjórn þess fyrirtækis sem sjóðurinn fjárfestir í.

Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri LSR skulu ekki taka sæti í stjórnnum fyrirtækja í umboði sjóðsins. Stjórnarmönnum og framkvæmdastjóra er jafnframt óheimilt að sitja í stjórnnum fyrirtækja sem sjóðurinn fjárfestir í. Starfsmenn sjóðsins geta tekið sæti í stjórnnum, fjárfestingarráðum og ráðgjafarráðum fyrirtækja sem stofnuð eru til að sinna sérstökum þáttum í starfsemi sjóðsins eða fyrirtækjum, sem sjóðurinn á hlut í, og hafa eingöngu fjárvörslu og fjármálaumsýslu að markmiði.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn í fyrirtækjum sem sjóðurinn fjárfestir í sinni stjórnarstarfi sínu af heilindum og kostgæfni og í samræmi við góða stjórnarhætti. Stjórnarmenn eiga að vera sjálfstæðir í störfum sínum og ætíð hafa hagsmuni viðkomandi fyrirtækis að leiðarljósi. Stjórnarmaður sem verður uppvís að því að fara gegn hagsmunum viðkomandi fyrirtækis mun ekki fá stuðning LSR til áframhaldandi stjórnarsetu.

LSR gerir kröfu um að stjórnarmenn taki þátt í stjórnarstörfum og stuðli að því að stjórn sé ákvörðunarbær á stjórnarfundum. Ef sjóðurinn hefur upplýsingar um að stjórnarmaður hafi verið óvirkur í stjórnarstörfum á liðnu starfsári án réttmætrar ástæðu mun LSR almennt ekki styðja viðkomandi til áframhaldandi stjórnarsetu.

LSR lítur til þess hvort seta stjórnarmanns í öðrum stjórnnum geti haft áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi fyrirtæki. Sjóðurinn styður ekki stjórnarmann ef telja má að seta hans í öðrum stjórnnum geti haft neikvæð áhrif á ákvarðanatöku hans í málefnum er varða viðkomandi fyrirtæki.

LSR styður almennt ekki stjórnarmann ef fyrirsjáanlegt er að hann verði meira og minna vanhæfur til ákvarðanatöku í mikilvægum málum sökum hagsmunaárekstra. Ef stjórnarmaður, fyrirtæki hans, maki

eða börn veita viðkomandi fyrirtæki eða samkeppnisaðila þess umtalsverða sérfræðipjónustu, t.d. er varðar lögfræði, fjármál og almenna rekstarráðgjöf, mun sjóðurinn almennt ekki styðja viðkomandi til stjórnarsetu.

Samsetning stjórnar ætti að taka mið af starfsemi og stefnu viðkomandi fyrirtækis og bera með sér fjölbreytni og breidd í hæfni, þekkingu og reynslu stjórnarmanna. Við kosningu stjórnarmanna er almennt litið m.a. til eftirfarandi þátta:

- Stjórnarmenn hafi menntun og reynslu sem nýtist við stjórnun og rekstur viðkomandi fyrirtækis.
- Kynjahlutfall sé í samræmi við löggjöf um lágmark 40% hvors kyns í stjórn.
- Stjórnarmenn hafi ekki sýnt af sér hegðun sem kann að rýra traust þeirra og trúverðugleika.
- Meirihluti stjórnarmanna sé óháður viðkomandi fyrirtæki og stjórnendum þess og að lágmarki tveir stjórnarmenn (ef um fimm manna stjórn eða stærri er að ræða) jafnframt óháðir stórum hluthöfum þess í skilningi *Leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja*¹ eða annarra viðurkenndra leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja sé um erlent fyrirtæki að ræða.

LSR styður almennt skipan tilnefningarnefnda hjá fyrirtækjum sem hafa það að markmiði að auka skilvirkni og gagnsæi í málefnum er varða tilnefningu stjórnarmanna.

Störf stjórnar

LSR leggur áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis stuðli að því að það sé jafnvægi á milli langtímahagsmuna fyrirtækisins og að hámarka virði þess.

LSR leggur ríka áherslu á að stjórn viðkomandi fyrirtækis starfi í samræmi við góða stjórnarhætti. Í því skyni ætti stjórn m.a. að:

- Haga störfum sínum í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja.
- Setja sér starfsreglur sem eru yfirfarnar reglulega.
- Skilgreina valdheimildir forstjóra/framkvæmdastjóra, þ.e. hvaða ákvarðanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar.
- Meta eigin störf árlega með árangursmati ásamt því að meta störf forstjóra/framkvæmdastjóra og undirnefnda stjórnar.
- Birta árlega upplýsingar um stjórnarhætti sína.

LSR hvetur fyrirtæki til að huga að umhverfismálum, t.d. með því að setja umhverfisstefnu sem starfað er eftir og birt hluthöfum.

LSR væntir þess að stjórnarmenn taki ekki að sér önnur störf fyrir viðkomandi fyrirtæki en þau sem honum eru falin sérstaklega af stjórn.

LSR væntir þess að undirnefndum stjórnar séu settar starfsreglur sem stjórn samþykkir og að stjórn sé haldið upplýstri um störf undirnefnda.

Hluthafafundir

Á hluthafafundum mun LSR greiða atkvæði í samræmi við hagsmuni lífeyrissjóðsins. Í þessu felst ekki að nauðsynlegt sé að kjósa í öllum tilfellum, öllu heldur þegar LSR metur það mikilvægt með hagsmuni sjóðsins í fyrirrúmi.

LSR metur almennt hverja tillögu sem lögð er fyrir hluthafafund og hvaða áhrif ákvörðun mun hafa. Almennt munu tillögur á hluthafafundum vera studdar ef LSR telur ákvörðun vera til hagsbóta fyrir viðkomandi fyrirtæki.

¹ Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja útgefnar af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og NASDAQ OMX á Íslandi. Hægt er að nálgast leiðbeiningarnar á heimasíðu Viðskiptaráðs.

Framkvæmdastjóri LSR ákveður hver skuli fara með atkvæði sjóðsins á hluthafafundum í fyrirtækjum sem sjóðurinn á eignarhlut í og veitir viðkomandi umboð til þess.

Starfskjör stjórnenda

LSR gerir kröfu um að starfskjarastefna uppfylli kröfur hlutafélagalaga og taki mið af viðurkenndum leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja eins og við á.

LSR telur að við ákvörðun um starfskjör stjórnenda eigi að gæta hófs og m.a. að líta til stærðar og umfangs fyrirtækisins svo og þeirra starfskjara sem ætla má að bjóðist almennt á þeim markaði sem fyrirtækið starfar á.

Samþykkt á fundi stjórnar LSR 18. desember 2013